

Nr. 21-097 S 064 Amma Sigga***Farþegi slasast á baki***

Skipaskr.nr. 7790
Utgerð: Gentle Giants-Hvalaferðir ehf
Smíðaður: Pólland, 2015, RIB
Stærð: 16,24 BT
Mesta lengd: 12,00 m Skráð lengd: 11,50 m
Breidd: 3,96 m Dýpt: 1,37 m
Vél: Volvo Penta, 588,00 kw, 2015.
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 9



Amma Sigga©Gentle Giants

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. maí 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. september 2021 var farþegabáturinn Amma Sigga (RIB) á siglingu norðan við Lundey á Skjálfandaflóa. Veður: (*Flatey*) S 4,2-5,5 m/s, ölduhæð á Grímseyarsundi 2m.

Á siglingunni sigldi bátinn fram af öldu, við það fékk einn farþegi sem sat í fremstu sætaröð högg undir sig og slasaðist á baki. Eftir atvikið var ferðin kláruð en þannig að lámarks hreyfing var á bátinum. Við lækni skoðun kom í ljós að farþeginn var með samfallsbrot í hrygg.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en vísar á fyrri niðurstöður sínar í sambærilegum slysum.

Sérstök ábending:

RNSA gerði eftirfarandi tillögu í öryggisátt í ágúst 2017 og tengist málum nr. 03516 og 03616: „Í ljósi tíðra slysa um borð í RIB bátum, sem notaðir eru í atvinnuskyni, leggur nefndin til við Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti að settar verði reglur sem tryggja öryggi farþega. Í því sambandi verði m.a. athugað hvort fjaðrandi sæti geti verið einn

liður í því.“ Í bréfi dags. 16. apríl 2018, taldi ráðuneytið ekki fært að setja sérstakar reglur varðandi sæti þar sem bátarnir væru CE-merktir. Hinsvegar var ákveðið að útfærðar yrðu kröfur um að útgerðir RIB-báta framkvæmdu áhættumöt á mismunandi aðstæðum sem fæli í sér að við tiltekna aðstæður væri siglt hægar. Þetta hefur ekki verið gert.